


# Skil á hlutafjármiðum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjármiðum vegna ársins 2015. Minnt er á að unnt er að skila hlutafjármiðum með **rafrænum hætti** í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á þjónustusíðu á **www.skattur.is**. Skila skal upplýsingum um **hlutafjáreign** allra hluthafa í árslok 2015, innlendra sem erlendra, sem og upplýsingum um **greiddan arð** á árinu 2015 og **staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts** af honum. Miðunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2015. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

 RÍKISSKATTSTJÓRI		<b>Hlutafjármiði</b> vegna tekjuársins <u>2015</u>										
<b>Upplýsingar um hluthafa/eiganda</b>												
01	Kennitala	220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn									
Nafn og heimilisfang			Upplýsingar um hlutafélag (eða sparisjóð)									
Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík			Nafn hlutafélags og kennitala 421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík									
<b>Hlutabréf</b>	76	Útg. jöfnunarhlutabréf á árinu	77	Hlutafjáreign í árslok	78	Greiddur arður á árinu (heild)	75	Þar af arður talinn sem laun skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003	79	Staðgreiðsla af arði	36	Dags. arðgreiðslu
		0		250.000		25.000		0		5.000		15.4.15
<b>Stofnfjárbréf sparisjóðanna</b>	80	Endurmat stofnfjár á árinu	81	Stofnfjáreign í árslok	84	Greiddur arður á árinu	86	Staðgreiðsla af arði	36	Dags. arðgreiðslu		
RSK 2.045		Frumrit: Til ríkisskattstjóra										

**Frá 1. janúar 2014 skal ekki lengur telja hluta arðs sem laun.**

Í reit 79 skal færa greidda staðgreiðslu af **arði**.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **20. janúar 2016**. Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil á skattframtali 2016.

**Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum. Kerfi þetta auðveldar til muna þessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á [www.skattur.is](http://www.skattur.is) og krefst veflykils.**

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í **síma 442 1000**.